

3. fundur

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 29. júní 2015

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða kom saman til fundar í Þróunarsetrinu á Ísafirði þann 29. júní og hófst fundur á boðuðum tíma kl. 10:00. Mættir voru fulltrúar í úthlutunarnefnd Viðar Guðmundsson, María Hildur Maack, Peter Weiss, Ásgerður Þorleifsdóttir, Arna Lára Jónsdóttir, Dagný Sveinbjörnsdóttir. Eva Dögg Jóhannesdóttir kom til fundarins kl. 10:40. Forföll boðuðu Sigurður Viggósson og Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir. Einnig sátu fundinn starfsmennirnir Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga sem stýrði fundi fram að dagskrárlið 2, Viktoría Rán Ólafsdóttir starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Jón Jónsson menningarfulltrúi Vestfjarða sem ritaði fundargerð.

Aðalsteinn kynnti að Guðbjörg Stefanía hefði skilað inn mati á umsóknum og væri það hluti af heildarmati sem lagt verði fyrir fundinn.

Var þá gengið til dagskrár:

1. Almenn umræða um úthlutun úr Uppbyggingarsjóði

Rætt var um sögu og tilurð sjóðsins, sóknaráætlun Vestfjarða og tengsl hennar við Úthlutunarsjóð, reglur um úthlutun og þann ramma sem stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur sett um skiptingu á fjármagni. Alls eru 60 milljónir til ráðstöfunar úr sjóðnum að þessu sinni og skiptast þannig að 20 milljónir ganga til stærri nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna þar sem styrkir eru hærri en milljón, 20 milljónir ganga til stofn- og rekstrarstyrkja menningarstofnana eða stærri menningarverkefna þar sem styrkir eru hærri en milljón. Loks ganga 20 milljónir til minni styrkveitinga ýmist á sviði nýsköpunar eða menningarmála þar sem einstakir verkefnastyrkir eru milljón eða lægri.

2. Kosning formanns og varaformanns.

Arna Lára Jónsdóttir gaf kost á sér sem formaður Uppbyggingarsjóðs og Ásgerður Þorleifsdóttir sem varaformaður. Var það samþykkt samhljóða.

Arna Lára formaður tók nú við stjórn fundarins.

3. Afgreiðsla umsókna

Teknar voru fyrir umsóknir sem borist höfðu sjóðnum, en þær voru alls 120. Alls var beðið um fjárhagslegan stuðning að upphæð um 240 milljónir, en kostnaðaráætlanir umsækjenda í heildina voru samanlagt upp á tæpan 1,5 milljarð.

Hver og ein umsókn var tekin til umræðu á grundvelli matsblaðs og ákveðið hvort þær fengju framlag eða ekki, en ákvörðun um styrkuppþæð til hvers verkefnis frestað til næsta fundar. Sömuleiðis var umræðu um einstaka umsóknir frestað til næsta fundar ef sameiginleg niðurstaða fékkst ekki í umræðuna.

Matarhlé var gert 12:15-13:15.

Afgreiðslu umsókna síðan framhaldið. Úthlutunarnefndin tók ákvörðun um þá viðmiðunarreglu, með hliðsjón af samningi um sóknaráætlun og úthlutunarreglum, að menningarstofnanir sem væru alfarið í eigu sveitarfélaga ættu ekki kost á stofn- og rekstrarstyrkjum til menningarstofnana, en gætu hins vegar fengið verkefnastyrki til afmarkaðra verkefna. Ennfremur ákvað Úthlutunarnefnd í ljósi þess hve fáar umsóknir bárust um styrk til þriggja ára að veita ekki slíka styrki við þessa úthlutun.

Fylgt var vanhæfisreglum sveitarstjórnarlaga og nefndarmenn í úthlutunarnefnd viku af fundi við umræðu og ákvarðanatöku um verkefni sem þeir tengjast með einhverjum hætti og sama regla var viðhöfð um starfsmenn fundarins. Eva Dögg vék af fundi meðan umræða fór fram um 5 verkefni, Arna Lára vék af fundi við umræðu um 1 verkefni, María við umræðu um 4 verkefni og Peter við 1 verkefni. Starfsmenn viku einnig af fundi, Jón við umræðu um 5 verkefni og Viktoría Rán við umræðu um 6 verkefni.

Fundi var slitið kl. 19:05.